

*Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi*

*18. september 2014*

*Ágætu foreldrar/forráðamenn .*

Ýmislegt skemmtilegt hefur verið gert til að brjóta upp skólastarfið og efla tengsl nemenda, jafnt innan starfsstöðvarinnar okkar hér og við hinar stöðvarnar á Hólum og Sólgorðum. Nemendur 5.-7. bekkjar í öllum skólanum fóru í gistiferð á Skagaseli, allir nemendur í 1.-7. bekk tóku þátt í skógardegi á Hólum og loks fóru nemendur 8.-10. bekkjar í vel heppnaða ævintýraferð.

***Haustþing kennara föstudaginn 3. október.***

Föstudaginn 3. október verður frí hjá nemendum vegna Haustþings kennara.

***Samræmd próf***

Samræmd próf verða í vikunni 22.-26. september og er tímasetning þeirra sem hér segir:

<b>Dagsetning</b>	<b>Fag</b>	<b>Bekkur</b>
Mánudagur 22. sept.	Íslenska	10.
Þriðjudagur 23. sept.	Enska	10.
Miðvikudagur 24. sept.	Stærðfræði	10.
Fimmtudagur 25. sept.	Íslenska	4. og 7.
Föstudagur 26. sept	Stærðfræði	4. og 7.

Markmið með fyrirlögn prófanna eru aðallega tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa upplýsingar um að hvaða marki nemendur hafa náð grundvallarkunnáttu og færni sem frekara nám byggir á. Í öðru lagi að vera foreldrum, kennurum og skólayfirvöldum til leiðbeiningar um námsstöðu nemenda. Með því að leggja samræmd könnunarpróf fyrir að hausti, gefast tækifæri til að nýta niðurstöður þeirra við skipulag náms og kennslu. Mikilvægt er að nemendur séu vel upplagðir, hafi fengið góðan nætursvefn og borðað morgunmat. Einhver röskun getur orðið á skólastarfi prófdagana og eru forráðamenn barna vinsamlega beðnir um að sýna því skilning. Einkunnir nemenda verða sendar til skóla um miðjan október og í framhaldi af því eiga forráðamenn að fá einkunnir barna sinna sendar heim frá skólunum. Ekki er ástæða fyrir foreldra að undirbúa börnin sérstaklega fyrir prófin enda eru þau hluti af hefðbundnu skólastarfi og ætlað er að meta námsstöðu nemenda. 10. bekkjar verða ekki í kennslu eftir próf þessa þrjá daga og geta þeir farið heim að þeim loknum en ekki er boðið upp á skólaakstur fyrir en hefðbundnum skóla er lokið. Hins vegar verður boðið upp á aðstöðu til að læra fyrir næsta próf með yfirsetu kennara.

*Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi*